

Nd.

125. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hl. allsherjarnefndar leggur til, að frumvarp þetta verði fellt. Minni hl. telur, að þó að út af fyrir sig væri æskilegt, að meiri hl. bæjarfulltrúa stæði að kosningu bæjarstjórans, þá sé alls ekki tryggt, að sú leið, sem stungið er upp á í frv., geti komið því til leiðar. Kosningar í málefnum sveita og kaupstaða eru hlutfallskosningar, og til þess að tryggt væri, að meiri hl. bæjarfulltrúa stæði að kosningu bæjarstjórans, þyrftu flokksmenn bæjarstjórans að hafa á bak við sig sem næst meiri hl. kjósenda. Minni hl. telur, að nýjar kosningar mundu því aðeins baka bæjarfélaginu kostnað, enda telur hann, að þessi aðferð út af fyrir sig sé röng, og að bæjarfulltrúarnir verði að koma sér saman um val bæjarstjórans, þó enginn flokkur innan bæjarstjórnarinnar sé þess einn megnugur að fá bæjarstjórnann kosinn.

Ennfremur lítur minni hl. svo á, að það sé alveg fráleitt, að atvinnumálaráðherra geti fyrirskipað nýjar kosningar án þess að meiri hl. bæjarstjórnar óski þess, eða jafnvel gegn vilja meiri hl. bæjarstjórnar.

Við leggjum því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 17. okt. 1934.

Thor Thors. Garðar Þorsteinsson.